# Minnisblað

Til: Bæjarstjórn
Frá: Hafdís Gunnarsdóttir
Dags. 3. maí 2022
*Mnr. 2021080069*

ÍSAFJARÐARBÆR

---

**Minnisblað - uppbyggingarsamningar árið 2022**

Fyrir 231. fundi íþrótta- og tómstundanefndar lágu beiðnir sjö íþróttafélaga um uppbyggingarsamninga byggða á þarfagreiningu aðildarfélaga HSV og bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar fyrir árin 2022-2027. Í fjárhagsáætlun 2022 er gert ráð fyrir kr. 12.000.000 í uppbyggingarsamninga.

Eftirfarandi félög óskuðu eftir uppbyggingarsamningum og gáfu upp sína kostnaðaráætlun:

| | | |
|---|---|---|
| - Skíðafélag Ísfirðinga | jarðvegsvinna, snjógirðingar | kr.3.200.000 |
| - Golfklúbbur Ísafjarðar | Stækkun golfvallar | kr.12.500.000 |
| - Hestamannaf. Hending | Frágangur á keppnisvelli | kr. 95.000.000 |
| - Skotfélag Ísafjarðar | Aðstaða fyrir félagsmenn | kr. 42.000.000 |
| - Kkd. Vestra | Útikörfuboltavöllur | kr. 13.000.000 |
| - Knd. Vestra | Endurnýjun klefa í V.húsi | kr. 3.380.000 |
| - Hjólrd. Vestra | Pumptrack braut | kr. 28.053.707 |

Íþrótta- og tómstundanefnd leggur til að öll félögin fái samning til eins árs upp á kr. 1.714.285 að því gefnu að öll íþróttafélög hafi skilað inn nánari lýsingu á þeim verkhlutum sem fara á í árið 2022. Sum íþróttafélög létu þessar upplýsingar fylgja með í umsókn sinni um uppbyggingarsamning og er hægt að ganga strax til samninga við þau félög.

Skiptast verkefnin þannig að kr. 5.142.855 fara í framkvæmdir og kr. 6.857.140 fara í rekstrarstyrk. Samtals kr. 11.999.995.

Ef bæjarstjórn samþykkir tillögu íþrótta- og tómstundanefndar verður hægt að gera samninga við íþróttafélögin um uppbyggingarverkefnin og verða þeir lagðir fyrir bæjarstjórn til samþykktar.

HG